

Norrænt samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála

1. Samantekt

Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) gefur eftirfarandi skýrslu um samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála á árinu 2018. Samstarfið í heilbrigðismálum hefur lagt megináherslu á aðgerðir til eftirfylgni skýrslunnar „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“ frá árinu 2014 sem tekin var saman af Bo Könberg, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra Svíþjóðar. Tillögur skýrslunnar eru fjórtán en þegar þessi skýrsla er rituð hefur ráðherranefndin (MR-S) fylgt þrettán þeirra eftir með ýmsum aðgerðum. Þar má nefna aðgerðir til að bæta lýðheilsu og draga úr ójöfnuði í heilsufari, hásérhæfðar meðferðir og sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar þar sem nýjum þrótti er hleypt í samstarfið með nýju starfs-umboði fyrir háttsetta embættismannahópinn og samstarfsnetið.

Auk þess að halda áfram aðgerðum sem lagðar eru til í Könbergskýrslunni hefur heilbrigðismálasamstarfið einnig snúist um endurskoðun Samningsins um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna (Arjeplogsamningsins), norrænt samstarf um fíkniefni og nýja norræna menntun um sóttvarnir og hreinlæti á sjúkrahúsum. Greint verður stuttlega frá sameiningu vefgáttarinnar um almannatryggingar og vefgáttarinnar Halló Norðurlönd.

Norðurlandaráð óskaði eftir greinargerð um norrænt samstarf á félagsmálasviði á þinginu 2018. Greinargerð þessi inniheldur stöðuyfirlit yfir norrænt samstarf á félagsmálasviði, meðal annars um málefni barna og unglinga, fullorðna í áhættuhópum, einstaklinga með fötlun og öldrunarmál auk þess sem sagt verður frá nýrri norrænni framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2022. Þá er mikilvægt að geta þess að gerð hefur verið stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviðinu að ósk ráðherranefndarinnar (MR-S) og verða niðurstöðurnar kynntar á árinu 2018.

2. Inngangur

Bo Könberg vann stefnumarkandi úttekt á norrænu heilbrigðissamstarfi 2013 og afraksturinn var skýrslan „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“ með fjórtán tillögum um hvernig þróa mætti samstarfið á næstu fimm til tíu árum. Ráðherranefndin (MR-S) ræddi skýrsluna í fyrsta sinn á fundi sínum í október 2014. Ráðherranefndin hefur á síðari fundum rætt og tekið ákvarðanir um að hrinda verkefnum í framkvæmd sem byggja á tillögum skýrslunnar. Norðurlandaráð hefur að jafnaði sýnt félags- og heilbrigðismálasamstarfinu áhuga, sér í lagi eftirfylgni Könbergskýrslunnar. Þetta hefur komið fram í samningum síðari ára um fjárhags-



áætlunina og tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar. Í samningaviðræðum um fjárhagsáætlunir árána 2014, 2015, 2016 og 2017 óskaði Norðurlandaráð meðal annars eftir því að ráðherranefndin setti aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi í forgang, legði áherslu á nýjar fyrirbyggjandi aðgerðir og lýðheilsuál og fylgdi Könberg-skýrslunni eftir.

Ráðherranefndin svaraði tilmælum 14/15 á árinu 2015 og samþykkti að leggja fram skriflega skýrslu árlega um fíkniefnasamstarfið. Ráðherranefndin hefur fjallað um fleiri tilmæli sem eiga erindi í þessa skýrslu, þar má nefna tilmæli 36/2012 um samstarf um lýðheilsuállefni og tilmæli 28/2010 um samnorræna rafræna skrá yfir löggilt fagfólk á heilbrigðissviði en þau tilmæli ber að skoða í ljósi endurskoðunar sem nú stendur yfir á norræna samningnum um sameiginlegan norrænan vinnuárkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna (Arjeplogsamningnum). Afgreiðslu tilmælanna lauk með pólitísku samráði 2016. Árið 2017 afgreiddi ráðherranefndin tilmæli 3/2017 um „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi“ en nánar er fjallað um þau í kafla 3.1.1. Á þessu ári hefur ráðherranefndin afgreitt tilmæli 13/2017 um vaxandi andlega vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum en þar óskaði Norðurlandaráð eftir því að rafræn þjónusta yrði nýtt í þágu barna og ungmenna með geðræna kvilla.

Á félagsmálasviði er samstarf um ýmsa málaflokka, til að mynda málefni barna og ungmenna, fullorðna í áhættuhópum, einstaklinga með fötlun og öldrunarmál. Samstarfsverkefni á félagsmálasviði eru unnin af yfirvöldum í löndunum og hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni. Árið 2018 samþykkti ráðherranefndin nýja framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2018–2022 og nýtt starfsumboð fyrir Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks (Fötlunarráðið) fyrir tímabilið 2018–2022. Ráðherranefndartillaga um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks var afgreidd á örpingi Norðurlandaráðs á Akureyri í apríl 2018.

Haustið 2017 hófst vinna að stefnumarkandi úttekt á félagsmálasviðinu en þess er vænst að hún stuðli að áframhaldandi þróun samstarfsins á sviðinu.

3. Norrænt heilbrigðismálasamstarf

3.1 Eftirfylgni Könbergskýrslunnar „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“

Í þessu kafla eru allar tillögur Könbergskýrslunnar kynntar og greint frá stöðu þeirra verkefna sem hafin voru í september 2018.

Tillaga 1

Róttækar aðgerðir gegn auknu sýklalyfjaónæmi

Dregið verði úr notkun sýklalyfja og hún verði á við það sem lægst gerist í Evrópu áður en fimm ár eru liðin. Auka hagræna hvata til rannsókna á nýjum sýklalyfjum.



Ráðherranefndin (MR-S) og ráðherranefndin um fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) tilkynntu á árinu 2015 að norrænt samstarf um sýklalyfjaónæmi (AMR) yrði þverlægt milli fagsviða og heilðrænt út frá „One Health-hugsuninni“. Skipaðir hafa verið norrænn stefnumótunarhópur og sérfræðingahópur á sviðinu en þeir eiga meðal annars að styðja norrænt samstarf í þeirri viðleitni að draga úr sýklalyfjaónæmi og stuðla að ábyrgari notkun sýklalyfja á Norðurlöndum. Norrænt samstarf á einnig að styðja við alþjóðlegt samhæfingarsamstarf á vettvangi Evrópusambandsins, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE).

Noregur gegndi formennsku á árinu 2017 og átti frumkvæði að verkefni til þriggja ára um að móta almenna samnorræna samskiptaáætlun á sviði sýklalyfjaónæmis sem löndin geta aðlagð að sínum staðháttum og innleitt. Fjárveiting verkefnisins er talin nema tveimur milljónum DKK (2017–2019). Ráðherranefndin (EK-FJLS) ráðstafar fé verkefnisins.

Ráðherranefndin tók á árinu 2017 við Hvítbók Norðurlandaráðs, „Norden i samlet kamp mot antimikrobiel resistens“ (Sameiginlegt átak Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi) og tilmælum 3/17 þar sem lagt er til að ráðherranefndin styðji tillögurnar pólitískt með beinum aðgerðum og fjárhagslega með nægilegu fé til að ná settum markmiðum.

Ráðherranefndin svaraði tilmælunum skriflega í maí 2017. Í svarinu er greint frá yfirstandandi verkefnum og taldi ráðherranefndin sig hafa orðið að einhverju leyti við tilmælunum. Í september 2017 óskaði Norðurlandaráð eftir pólitísku samráði við ráðherranefndina og fór það samráð fram 22. mars 2018 í Uppsöllum í Svíþjóð. Samráðinu lyktaði með samkomulagi um að ráðherranefndin gefi Norðurlandaráði skýrslu í mars 2019 um framvindu vinnunnar með tillögur Hvítbókar Norðurlandaráðs, „Norden i samlet kamp mot antimikrobiel resistens“. Þá munu sérfræðingahópurinn og stefnumótunarhópurinn funda síðar í ár til að ræða ferlið fram undan.

Embættismannanefndin (EK-S) samþykkti í júní 2017 að ráðstafa 500 þúsund DKK af fjárveitingu ársins 2018 til aðgerða stefnumótunarhópsins gegn sýklalyfjaónæmi. Stefnumótunarhópurinn fól sérfræðingahópnum að vinna tillögur að verkefnum en þær verða afgreiddar á fundi stefnumótunarhópsins á haustdögum 2018.

Tillaga 2

Eflt samstarf um háserhæfðar meðferðir á Norðurlöndum

Stofnaður verði norrænn hópur háttsettra embættismanna sem hafi reglulegt samráð um þarfir landanna og tækifæri á samstarfi á umræddu sviði.

Ráðherranefndin (MR-S) skipaði á árinu 2016 norræna nefnd um háserhæfðar meðferðir. Meginmarkmiðið er að styðja og festa enn frekar í sessi norrænt samstarf á sviðinu. Nefndina skipa fulltrúar heilbrigðisyfirvalda í löndunum. Ráðherranefndin (MR-S) samþykkti í febrúar 2018 nýtt starfsumboð fyrir nefndina sem gildir til



31. desember 2019. Norska heilbrigðismálastofnunin gegnir formennsku í nefndinni á árunum 2018–2019. Nefndin fundar tvisvar á ári og meginverkefni hennar á starfstímabilinu er að framkvæma mat sem leggja mun grundvöll fyrir umræður í nefndinni um hvernig norrænt samstarf á sviðinu gefur virðisauka.

Tillaga 3

Myndun norræns samstarfsnets um sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar

Myndað verði norrænt samstarfsnet sem horfi til framtíðar varðandi sjaldgæfar sjúkdómsgreiningar með það fyrir augum að efla núverandi og nýjar sameiginlegar aðgerðir svo og samhæfingu aðgerða.

Ráðherranefndin (MR-S) myndaði árið 2016 norrænt tengslanet um sjaldgæfa sjúkdóma með því meginmarkmiði að þróa og efla núverandi og nýjar samstarfsleiðir á sviðinu og bæta samhæfingu sameiginlegra verkefna. Embættismannanefndin (EK-S) samþykkti í febrúar 2018 nýtt starfsumboð fyrir tengslanetið sem gildir til 31. desember 2019. Svíþjóð gegnir formennsku í tengslanetinu 2018 og fór fyrri fundur þess á árinu fram í maí 2018 í Stokkhólmi. Tengslanetið mynda fulltrúar landsbundinna heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda, færnisetra um sjaldgæfa sjúkdóma og sjúklingafélaga, þeirra á meðal norræna tengslanetið „Rarelink“.

Tillaga 4

Norræn sýndarmiðstöð fyrir rannsóknir sem byggja á gagnagrunnum

Eflt verði rannsóknasamstarf sem byggir á gagnaskrá, lífbönkum og klínískum rannsóknum. Innleitt verði líkan fyrir gagnkvæma viðurkenningu á siðfræðilegu mati á norrænum rannsóknarverkefnum.

Noregur gegndi formennsku á árinu 2017 og átti þá frumkvæði að forgangsverkefni til þriggja ára, „Nordisk forskningsamarbeid for bedre helse 2017–2019“ (Norrænt rannsóknasamstarf um betra heilsufar 2017–2019). Meginmarkmið verkefnisins er að kanna málið, vinna tillögur og hugsanlega leggja til nýjar aðgerðir til að efla, hagræða og halda áfram aðgerðum sem fela í sér einföldun og sparnað jafnframt því að auðvelda norrænum vísindamönnum að vinna saman að heilbrigðisgögnum og klínískum rannsóknum. Verkefnið byggir á tillögu 4 í Könbergskýrslunni sem er þrískipt: Viðurkenning siðfræðilegs mats, norrænar lausnir til að gera heilbrigðisgögn aðgengilegri og frekari þróun samstarfs um klínískar rannsóknir. Heildarfjárveiting verkefnisins nemur 7,3 milljónum DKK (2017–2019). Í apríl 2018 voru 38 milljónir NOK í boði þegar auglýst var eftir umsóknum um styrki til klínískra rannsókna á krabbameini í börnum. Féð kemur úr forgangsverkefnasjóðnum, norska krabbameinsfélaginu og norska rannsóknaráðinu.



Tillaga 5

Aukið samstarf um aðgerðir til að bæta lýðheilsu

Löndin skuli í auknum mæli skiptast á reynslu af lýðheilsumálum, einkum varðandi tóbaksneyslu og áfengismisnotkun.

Tillaga 6

Norrænn vettvangur um lýðheilsu til að draga úr heilsuójöfnuði

Stofnaður verði vettvangur fyrir tillögur að norrænum verkefnum og starfsemi í þeim tilgangi að draga úr ójöfnuði í heilsufari.

Ráðherranefndin (MR-S) sendi frá sér yfirlýsingu um norrænt lýðheilsusamstarf á árinu 2016. Stofnaður hefur verið norrænn lýðheilsuvettvangur sem á að efla stefnumótun og aðgerðir til að bæta lýðheilsu og draga úr ójöfnuði í heilsufari í löndunum. Búið verði í haginn fyrir sameiginleg þróunarverkefni um góðar forvarnir og heilsu-bætandi aðgerðir. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) er umsýslustofnun norræna lýðheilsuvettvangsins.

Starf lýðheilsuvettvangsins hófst á því að fjalla um *ójöfnuð í heilsufari, geðheilsu og áfengi, fíkniefni og tóbak*. Átta verkefnum hefur verið ýtt úr vör í lýðheilsusamstarfinu þegar þetta er ritað. Hér á eftir eru nokkur dæmi um verkefni sem urðu til í kjölfar þessa:

- verkefnið „*Nordisk tobakkspolitik 2.0 - støtte til nasjonal utvikling*“ (Norræn tóbaksstefna 2.0. – stutt við landsbundna þróun) á að vera framlag til mótunar skilvirkrar tóbaksstefnu í löndunum.
- verkefnið „*Förändrade dryckesvanor bland unga och äldre i Norden*“ (Breyttar drykkjuvenjur ungra og eldri á Norðurlöndum) á að kortleggja, gera samanburð og vinna gagnrýna greiningu á norrænum rannsóknum sem sýna breytinga-mynstur í áfengisneyslu og áfengisskaða hjá ungum og eldri.
- verkefnið „*Cannabis – vård och politik i Norden*“ (Kannabis, meðferð og stefna á Norðurlöndum) hefur það að meginmarkmiði að auka þekkingu, bera saman þróunina í löndunum og að þjóðirnar læri af reynslu hver annarrar. Einnig er fjallað um landsbundnar stefnur í kannabismálum út frá lagalegu sjónarmiði.
- verkefnið „*Skolelevers psykiska hälsa i Norden*“ (Geðheilsa skólanema á Norður-löndum) á að kanna hvað bætir geðheilsu barna og ungmenna og hvaða landsbundnu aðgerðir megi tengja við það, einnig hvernig mismunandi aðgerðir geta haft áhrif á stefnumótun annars staðar á Norðurlöndum.
- verkefnið „*Jämlik hälsa – Förutsättningar på nationell nivå*“ (Jöfnuður í heilsu-fari – forsendur í löndunum) samanstendur af fimm hlutaverkefnum og felst meðal annars í samanburðarrannsókn á aðgerðum til að draga úr ójöfnuði í heilsufari í löndunum.

Ráðherranefndin (MR-S) og embættismannanefndin (EK-S) ráða yfir um 11,5 milljónum DKK til þessa samstarfs á árunum 2016–2018. Samstarfið verður metið 2018 áður en tekin verður ákvörðun um framhald lýðheilsusamstarfsins.



Tillaga 7

Hreyfanleiki sjúklinga innan Norðurlanda

Metin skuli áhrif innleiðingar tilskipunar ESB um frjálsa för sjúklinga milli norrænu landanna og stefnt að enn frekari útvíkkun réttarins til að leita sér heilbrigðisþjónustu í öðru norrænu landi.

Gert er ráð fyrir að ráðherranefndin muni fjalla um tillöguna á komandi árum.

Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) hefur unnið greiningu undir yfirskriftinni „Statistics on Patient Mobility in the Nordic Countries“ á hreyfanleika sjúklinga innan Norðurlanda og var hún kynnt á öðrum fundi embættismanna-nefndarinnar á árinu 2017 (EK-S 2/2017). Greiningarskýrslan inniheldur tillögur um norrænt samstarf sem NOMESKO getur og hefur staðið fyrir. Niðurstaða hennar er sú að ekki verði hægt að ráðast í umfangsmikil verkefni fyrr en eftir fimm til sjö ár vegna þess að það tekur tíma að þróa landsbundin gagna- og hagtölukerfi sem eru forsenda þess að hægt sé að fylgjast með framkvæmd norrænu landanna á tilskipun ESB um frjálsa för sjúklinga. Einhver bið verður á frekara norrænu samstarfi á sviðinu eða þar til þróun á gögnum og hagtölum hefur náð lengra hjá NOMESKO og í löndunum. Greiningarskýrsla NOMESKO getur nýst við undirbúning á eftirfylgni tillögu 7 framvegis.

Tillaga 8

Öflugra samstarf um velferðartækni

Mótuð verði sameiginleg norræn skilgreining á og viðmið fyrir velferðartækni með það fyrir augum að samræma staðla fyrir velferðartæknivörur. Notendur verði hafðir með í ráðum í þróunarstarfinu.

Ráðherranefndin ræddi tillöguna í mars 2018. Formennskuverkefni Svíþjóðar til þriggja ára, „Vård och omsorg på distans“ (Fjarhjúkrun og umönnun) er hafið en stór hluti þess fjallar um þróun og notkun velferðartækni. Velferðartækni verður áfram eitt af viðfangsefnum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Á fyrri árum fór fram velferðartækniverkefnið „Connect“ með styrk úr áætluninni „Sjálfbær norræn velferð“. Verkefninu lauk í mars 2017.

Verkefni norrænu forsætisráðherranna „Norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum“ fara fram á tímabilinu 2017–2019. Eitt þeirra er flaggskipsverkefnið „Norrænar velferðarlausnir“ en tilgangur þess er að efla útflutning á norrænum vörum og alþjóðlega markaðssetningu á nýskapandi norrænum velferðarlausnum, til að mynda velferðartæknilausnum. Verkefnið er í umsjón Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar.



Tillaga 9

Aukið samstarf um rafrænar heilbrigðislausnir

Samstarf um rafræna lyfseðla haldi áfram. Stofnað verði norrænt vefbókasafn um heilbrigðismál og þróuð norræn leitarvél fyrir „Min pasient“ (Sjúklingurinn minn).

Ráðherranefndin ræddi tillöguna í mars 2018. Það var árið 2010 sem Norræna ráðherranefndin hóf undirbúning á sameiginlegum vettvangi um rafrænar heilbrigðislausnir. Starfið heldur áfram til tveggja ára í senn. Danmörk leiðir samstarfið á tímabilinu 2017–2019. Tengslanetið á að miðla þekkingu, bera saman reynslu og ræða stefnumarkandi og pólitísk markmið í löndunum. Auk þess á tengslanetið að skipuleggja umræðuvettvang og stilla saman strengi landanna gagnvart verkefnum Evrópusambandsins en þar má nefna „Connecting Europe Facility“ um rafræna lyfseðla, samstarf um viðmið sem á að tengja við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) og Evrópusamstarfið og samstarf um norræna staðla fyrir persónuleg heilbrigðisgögn einkum í sambandi við frjálsa för yfir landamæri.

Svíþjóð gegnir formennsku á árinu 2018 og átti frumkvæði að forgangsverkefni til þriggja ára, „lausnir í fjarlækningum og hjúkrun, þar á meðal rafrænir lyfseðlar“ og er gert ráð fyrir að fjárveiting þess nemi 12 milljónum DKK.

Tillaga 10

Aukið norrænt samstarf á sviði geðlækninga

Staðið verði að árlegum leiðtogafundi um geðlækningar, aukin skipti á þekkingu og reynslu af líkönum fyrir bestu starfshætti á sviðinu.

Ráðherranefndin hefur skipað norrænan sérfræðingahóp um geðlækningar. Sérfræðingahópurinn á að sjá um samfellt norrænt samstarf um úrræði fyrir einstaklinga með geðræna kvilla og stefna að því að norrænn leiðtogafundur fari fram annað hvert ár. Starfsumboð sérfræðingahópsins gildir fram til desemberloka 2019.

Danmörku gegndi formennsku 2015 og stóð þá að leiðtogafundi um geðlækningar í Kaupmannahöfn 2015 en Noregur gegndi formennsku 2017 og stóð að leiðtogafundi um geðheilsu í Ósló í febrúar 2017. Ísland tekur senn við formennsku og ráðgerir leiðtogafund um geðlækningar í mars 2019. Sérfræðingahópurinn skipuleggur á hverju ári minni námsstefnur um ákveðin málefni.

Tillaga 11

Víðara starfsumboð fyrir samstarf um heilbrigðisviðbúnað

Útvíkkað verði starfsumboð starfandi heilbrigðisviðbúnaðarhóps (Svalbarðahópsins) sem náir til allra þátta norræna samstarfsins um heilbrigðisviðbúnað.

Ráðherranefndin (MR-S) hefur útvíkkað starfsumboð heilbrigðisviðbúnaðarhópsins (Svalbarðahópsins). Nýtt starfsumboð tók gildi 1. janúar 2017. Svalbarðahópurinn



vann stefnumótandi ramma um starf hópsins til næstu fimm til tíu ára. Embættismannanefndin (EK- S) samþykkti rammann í september 2017.

Svalbarðahópurinn á að tryggja skilvirka hættustjórnun á sviði heilbrigðis- og félagsmála á Norðurlöndum. Samstarfið á að bera vott um skilvirkni, traust, sveigjanleika og gagnkvæma þjálfun. Svalbarðahópurinn á að stuðla að því að fundin verði sameiginleg hagsmunasvið norrænu landanna svo þau geti aukið áhrif sín á alþjóðavettvangi. Hópurinn á jafnframt að tryggja góð tengsl milli heilbrigðis- og félagssviðs um hættustjórnun.

Svalbarðahópurinn ákvað að styðja vinnu að norrænu samkomulagi um meðferð brunameiðsla sem felur í sér hámarksnýtingu samanlagðrar getu landanna ef alvarleg brunaslys verða á Norðurlöndum. Verkinu er ólokið.

Tillaga 12

Aukið norrænt samstarf um lyfjamál til að auka hagkvæmni og öryggi

Sköpuð verði sameiginleg lyfjaverslun fyrir sjaldgæf lyf og útvíkkað samstarf um sjaldgæf lyf. Upplýsingaskipti verði augin um innkaupasamninga og um notkun nýrra lyfja.

Ráðherranefndin (MR-S) fjallaði um tillöguna og stóð að kortlagningu á reynslu landanna á sviði lyfjamála. Út frá niðurstöðum þeirrar kortlagningar ákvað ráðherranefndin (MR-S) á vordögum 2017 að festa norrænan vinnuhóp í sessi sem fjallar um skipti á upplýsingum og reynslu af verðlagningu og niðurgreiðslu lyfja. Vinnuhópurinn hefur starfað óformlega um margra ára skeið og fjallað einkum um upplýsingaskipti um verðlagningu og niðurgreiðslur. Markmiðið með því að festa hópinn í sessi er að setja fastan ramma um gagnkvæma miðlun upplýsinga og reynslu yfirvalda í löndunum af verðlagningu lyfja. Öll keðjan er tekin fyrir frá láréttri skimun til dreifingar. Danmörk og Noregur gerðu með sér viljayfirlýsingu þess efnis að þau óskuðu eftir sameiginlegum samningaviðræðum um verð á tilteknum lyfjum og var hún undirrituð af heilbrigðisráðherrum landanna tveggja í september 2018. Öðrum norrænum löndum er frjálst að gerast aðilar að samningum þegar samstarfið er hafið. Embættismannanefndin (EK-S) hefur við ýmis tækifæri vakið máls á þeim vanda sem hlýst vegna þess að ólíkar kröfur eru gerðar til merkinga á lyfjum og um tungumál á upplýsingaseðlum í lyfjaumbúðum. Viðfangsefni þetta verður til umræðu á námsstefnu sem Ísland heldur á formennskuárinu 2019.

Tillaga 13

Ný norræn embættismannaskipti – tilraunaverkefni

Núgildandi samningur um *mannaskiptaáætlun embættismanna* verði eflaður með því að bæta við ákvæði sem gefur kost á styttri dvöl en ella fyrir starfsfólk ráðuneyta sem starfar að heilbrigðismálum.

Ráðherranefndin (MR-S) hefur ákveðið að halda tilraunaverkefninu um embættismannaskipti áfram sem felst í því að starfsfólki hlutaðeigandi ráðuneyta gefst kostur



á styttri dvöl en ella. Tilraunaverkefnið hófst í september 2015 og var metið á haustdögum 2016. Gildistímabil verkefnisins var framlengt til ársloka 2018 og hefur skrifstofunni verið falið að semja tillögu um hvernig hægt er að flétta tilraunaverkefnið inn í almenna mannaskiptaáætlun skrifstofunnar fyrir embættismenn.

Tillaga 14

Norrænt samstarf um sérfræðinga landanna hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Komið verði á nýju óformlegu samstarfi um skipan sérfræðinga landanna í félags- og heilbrigðismálum hjá framkvæmdastjórn ESB með það fyrir augum að nýta betur fé og mannauð landanna.

Ráðherranefndin (MR-S) tók ákvörðun í mars 2017 um að ráðuneyti landanna skyldu skiptast á nöfnum sérfræðinga í löndunum og norræns starfsfólks hjá framkvæmdastjórn ESB. Meginmarkmiðið er að greiða fyrir starfsfólki ráðuneyta og hvetja það til að mynda tengsl við framkvæmdastjórn ESB. Í lok árs 2018 eða byrjun 2019 er ráðgerður fundur með sérfræðingum í löndunum, norrænu starfsfólki á skrifstofu framkvæmdastjórnarinnar í Brussel og norrænum sendifulltrúum á sviði félags- og heilbrigðismála.

3.2 Sjúklingaöryggi og hreyfanleiki: Eftirlitsupplýsingar og Arjeplogsamningurinn

Í mars 2017 samþykkti ráðherranefndin breytingar á norræna samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna, svonefndum Arjeplogsamningi (samþykkt á fyrsta fundi ráðherranefndarinnar 2015, MR-S 1/15). Þær fela í sér að ný ákvæði um eftirlitsupplýsingar eru felld inn í samninginn.

Ástæðan fyrir endurskoðun samningsins er sú að löndin hafa þörf fyrir nánari upplýsingar á eftirlitssviðinu. Viðvörunarbúnaður IM-upplýsingakerfisins (grein 65a, breytingartilskipun 2013/EB við tilskipun um viðurkenningu starfsréttinda 2005/36/EB) var tekinn í notkun í byrjun árs 2016 og hafa þremur landanna (Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð) þegar borist þúsundir viðvarana af ýmsu tagi. Noregur og Ísland hafa ekki enn gengið frá innleiðingu tilskipunarinnar en gera ráð fyrir að taka viðvörunarbúnaðinn í notkun fyrir árslok 2018. Norrænn hópur heilbrigðisstarfsfólks (sérfræðingar frá eftirlitsyfirvöldum landanna) fylgja innleiðingu búnaðarins eftir og gefa ráðherranefndinni reglulegar skýrslur.

Ráðherranefndin (MR-S) samþykkti á fundi sínum í mars tímaáætlun fyrir ferlið fram undan þar til endurskoðaður samningurinn tekur gildi. Þess er vænst að samningurinn verði undirritaður fyrir árslok 2018. Næsta skref verður að staðfesta samninginn en það gerist ekki endilega samtímis í löndunum. Samningurinn gengur ekki í gildi fyrr en öll löndin hafa staðfest hann.

3.3 Stofnun norrænnar menntunar um sóttvarnir og hreinlæti á sjúkrahúsum

Ráðherranefndin (MR-S) hefur ákveðið að koma á fót nýrri norrænni menntun á árinu 2019 í sóttvörnum og hreinlæti á sjúkrahúsum. Háskólanum í Gautaborg hefur verið



falið að sjá um námið. Færniþróun á sviði sóttvarna er mikilvæg aðgerð til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og sýklalyfjaofnæmi.

Háskólinn í Gautaborg hyggur á náð samstarf við Sahlgrenska háskólasjúkrahúsið og lýðheilsustofnanir í norrænu löndunum. Íhugað verður samstarf við aðrar norrænar menntastofnanir. Námið verður hægt að stunda í hlutastarfi og meistaranám verður sett á laggirnar eigi síðar en á sumarmánuðum 2019.

3.4 Norrænt samstarf á sviði fíkniefna

Heilbrigðisráðuneyti norrænu landanna og aðrar stofnanir sem starfa að fíkniefnamálum eiga með sér óformlegt samstarf á norrænum fíkniefnavettvangi.

Í svari ráðherranefndarinnar við tilmælum Norðurlandaráðs 14/2015 kemur fram að leggja skuli fram árlega skýrslu til Norðurlandaráðs um norrænt fíkniefnasamstarf, einkum þau málefni sem hafa verið til umræðu á árlegum fundi norræna fíkniefnavettvangsins.

Norræni fíkniefnavettvangurinn fundaði í Stafangri á formennskuári Noregs 2017. Á fundinum báru menn saman reynslu sína af landsbundnum úrræðum en auk þess var umræða um fíkniefnastefnu og greint nánar frá „Brukerplan“ í Noregi og forvarnarsarfi gegn fíkniefnum á Íslandi. Noregur kynnti nýjar tölur úr ESPAD-rannsókninni (the European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs) sem benda til jákvæðrar þróunar meðal ungmenna hvað flest vímuefni varðar. Fíkniefni og viðhorf Norðurlanda til þeirra voru einnig til umræðu víða á alþjóðavettvangi, hjá Evrópusambandinu, SP/Fíkniefnanefnd Sameinuðu þjóðanna (CND), Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) og Evrópuráðinu/Pompidouhópnum. Þá var rætt hvernig taka mætti tillit til sjónarmiða neytandans og að raddir borgarasamfélagsins heyrðust í landsbundinni fíkniefnaumræðu.

Næsti fundur Fíkniefnavettvangsins verður 2. og 3. október 2018 í Stokkhólmi.

Norrænt samstarf um fíkniefnamál fer einnig fram hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC) sem sér um að samhæfa rannsóknaverkefni. Norræna velferðarmiðstöðin tekur saman og miðlar rannsóknaniðurstöðum í tímaritinu Nordic Studies on Alcohol and Drugs (NAD) og á alþýðuvísindagáttinni PopNAD.

3.5 NordSoc og Halló Norðurlönd sameinuð

Norræna vefgáttin um almannatryggingar (NordSoc) hefur verið sameinuð vefgáttinni Halló Norðurlönd. Efni upplýsingaþjónustunnar Halló Norðurlönd jókst verulega á árinu 2018 þegar við bættust almennar upplýsingar um norrænu löndin, einnig reglur í Færeyjum og á Grænlandi á sviði almannatrygginga. Álandseyjar taka ekki þátt í samstarfinu þar sem finnsk löggjöf gildir þar í landi. Ráðherranefndin (MR-S) átti frumkvæði að vefgáttinni um almannatryggingar árið 2006 en afhenti hana viðeigandi yfirvöldum árið 2009. Almannatryggingastofnanir landanna tilkynntu árið 2014 að þau hygðust loka gáttinni og í framhaldi af því ákvað embættismannanefndin (EK-S) í október 2016 og ráðherranefndin (MR-S) í mars 2017 að vefgáttin skyldi sameinuð vefgáttinni Halló Norðurlönd. Norræna samstarfsnefndin (NSK)/



ráðherranefndin (MR-S) staðfestu síðar sameininguna og var ráðist í verkið með þátttöku tíu opinberra stofnana. Í lok september 2018 á sameiningu vefgáttarinnar um almannatryggingar og Halló Norðurlanda að vera lokið en hún hefur meðal annars í för með sér að allar upplýsingar um frjálsa för er einnig að finna á ensku.

4. Norrænt samstarf á félagsmálasviði

Að beiðni ráðherranefndarinnar (MR-S) hófst á haustdögum 2017 vinna við stefnumarkandi úttekt á norrænu samstarfi á félagsmálasviði. Árni Páll Árnason, fyrrum félags- og tryggingamálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra Íslands, var fenginn til verksins. Árni Páll ræddi við alla helstu aðila í norrænu löndunum áður en hann samdi óháða skýrslu með tillögum um hvernig þróa megi og efla norrænt samstarf á félagsmálasviði til framtíðar. Þegar skýrslan verður birt 2018 verður hún afgreidd í ráðherranefndinni (MR-S) og embættismannanefndinni (EK-S).

Heilbrigðis- og félagsmálasviðið kemur að framkvæmd þverlægrar stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar, „Börn og ungmenni á Norðurlöndum – þverfagleg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar 2016–2022“. Embættismannanefndin (EK-S) samþykkti eftirfarandi þrjú markmið fyrir framlag sviðsins á árunum 2018 og 2019:

1. verkefni sem efla úrræði byggð á þekkingu í þágu barna og ungmenna;
2. verkefni sem fjalla um úrræði sjálfbodaliðasamtaka í þágu barna og ungmenna;
3. samstarfsverkefni Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um málefni barna og ungmenna.

Þrjú verkefni innan ramma fyrrnefndra markmiða fara fram á árinu 2018: Verkefnið „Styrket nordisk erfaringsutveksling om tiltak for barn og unge gjennom nasjonale internettportaler“ (Efld norræn skipti á reynslu af úrræðum fyrir börn og ungmenni á landsbundnum vefgáttum) sem Barne-, Ungdoms- og Familiedirektoratet (BUFDIR) í Noregi hefur umsjón með fjallar um úrræði byggð á þekkingu í þágu barna og ungmenna í áhættuhópum. „*Training and finding good practices in identification and referral of children in risk of exploitation and trafficking*“ er unnið í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og Eystrasaltsráðsins og fjallar um aðgerðir til að koma í veg fyrir að börn meðal flóttafólks lendi í klóm þrælasala. Verkefnið „*Strengthening intersectoral working on the prevention of child maltreatment in the Nordic Baltic sub-region*“ fór fram á árinu 2018 í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO). Norræn-baltnesk málstofa var haldin í júní í Vilnius og lagði grunninn fyrir miðlun þekkingar.

Á félagsmálasviðinu eru unnin ýmis samstarfsverkefni meðal annars um öldrunarmál, einstaklinga með fötlun og fullorðna í áhættuhópum auk norræna samningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Hér á eftir verður greint frá nokkrum verkefnum á sviðinu auk starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og Velferðarvettvangsins 2018.



4.1 Norrænt samstarf um hindranir á vegi fólks með fötlun

Breytingar voru gerðar árið 2013 á skipulagi norræns samstarfs um málefni fólks með fötlun. Félags- og heilbrigðisráðherrarnir (MR-S) tóku við málaflokknum af samstarfsráðherrunum (MR-SAM). Framvegis verður samstarfið þverlægt á milli sviða en í umsjón félags- og heilbrigðisráðherranna. Í samstarfinu eru fyrst og fremst þrjú tæki: Fötlunarráðið, framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks og starf Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar á sviðinu.

Fötlunarráðið hefur fengið nýtt starfsumboð fyrir tímabilið 2018–2022. Ráðið skipa átta fulltrúar tilnefndir af norrænum stjórnvöldum og átta fulltrúar regnhlífarsamtaka á sviði fötlunarmála. Ráðið getur unnið verkefni að beiðni ráðherranefndarinnar en það getur einnig tekið sjálfst frumkvæði. Norræna velferðarmiðstöðin er umsýslustofnun Fötlunarráðsins.

Framkvæmdaáætlunin fyrir norrænt samstarf á sviðinu byggir á aðgerðum úr framkvæmdaáætlun tímabilsins 2015–2017. Áherslusvið framkvæmdaáætlunarinnar eru þrjú: Mannréttindi, sjálfbær þróun og frjáls för. Samstarfið byggir á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (UNCRDP), Dagskrá 2030 um sjálfbæra þróun og framtíðarsýn norrænu samstarfsráðherranna um frjálsa för á Norðurlöndum.

Norræna velferðarmiðstöðin tekur saman þekkingu, miðlar henni og hefur umsjón með tengslanetum á sviðinu. Norræna velferðarmiðstöðin annast jafnframt umsýslu styrkjakkerfis fyrir norrænt samstarf samtaka fólks með fötlun.

4.2 Öldrunarmál

Við Norðurlandabúar lifum lengur og hlutfall eldri borgara fer vaxandi. Ráðherranefndin (MR-S) ákvað þann 1. janúar 2018 að verja verkefnafé á árunum 2019–2021 í nýtt pólitískt forgangsmál, „Hvernig sköpum við meiri samfellu í hjúkrunar- og umönnunarferlum, sérstaklega fyrir eldri notendur og sjúklinga“.

Góðu fréttirnar eru að við lifum lengur á Norðurlöndum en við það skapast líka stórar áskoranir. Á það við um húsnæðismál og samgöngur, skipulagsmál, heilsufar, hjúkrun og umönnun. Áhersla forgangsverkefnanna verður lögð á að skapa aðgengi fyrir alla í samfélaginu og standa vörð um lífsgæði fólks langt fram á elliár. Í ljósi lýðfræðilegrar þróunar í heiminum setti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) árið 2010 á laggirnar hnattrænt tengslanet, „Age-Friendly Cities and Communities“, en það á að gera borgum og samfélögum kost á að bera saman reynslu sína af áherslu á virka öldrun og gott heilsufar aldraðra. Nú taka meira en 700 borgir og samfélög þátt í tengslanetinu þeirra á meðal sjö norrænar borgir.

Norræna ráðherranefndin vill taka þátt í öflugum norrænu tengslaneti í hnattrænu samstarfi á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og stendur að ráðstefnunni „Skapa áldersvænliga städer i Norden“ (Skapa borgir á Norðurlöndum sem henta öldruðu fólki) dagana 15. og 16. október 2018 í Stokkhólmi í samstarfi við



formennskulandið Svíþjóð, norsku heilbrigðismálastofnunina og Norrænu velferðarmiðstöðina.

Norrænu löndin vinna saman um málefni heilabilunar í Norræna samstarfsnetinu um heilabilun sem tók til starfa 2015 en að því koma landsbundin yfirvöld og sérfræðistofnanir um heilabilun. Norræna velferðarmiðstöðin er umsýslustofnun samstarfsnetsins. Samstarfið byggir á stefnum landanna um heilabilun, faglegum viðmiðum í umönnun heilabilaðra og starfi að heilabilunarmálum á vettvangi ESB og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) sem norrænu löndin taka einnig þátt í.

Nánari upplýsingar um samstarfsnetið er að finna á vefsíðu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar: <https://nordicwelfare.org/valfardspolitik/natverk/>

4.3 Tengslanet um síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku

Embættismannanefndin (EK-S) stofnaði á árinu 2017 norrænt samstarfsnet um síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku. Markmið samstarfsnetsins er að efla úrræði fyrir fullorðna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku, meðal annars sem miðlunarvettvangur þekkingar og reynslu milli helstu aðila á Norðurlöndum og vettvangur fyrir nýtt norrænt samstarf þegar tilefni er til. Fyrsta starfstímabil samstarfsnetsins er 2017–2018. Embættismannanefndin (EK-S) hefur ákveðið að framlengja starfstímabil samstarfsnetsins og endurnýja starfsumboð þess fyrir tímabilið 2019–2020.

Samstarfsnetið var stofnað í tengslum við afgreiðslu ráðherranefndarinnar (MR-S) á tilmælum Norðurlandaráðs um „Síðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku“ (tilmæli 13/2015 – A 1645/velfærd).

4.4 Starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar

Norræna velferðarmiðstöðin rekur samstarfsverkefni á heilbrigðis- og félagsmálavíði. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) hafa falið Norrænu velferðarmiðstöðinni að starfrækja miðstöð fyrir upplýsingamiðlun um aðlögunarmál til stuðnings við norrænt samstarf á sviðinu.

Ráðherranefndin (MR-S) samþykkti árið 2017 nýtt starfsumboð Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar fyrir tímabilið 2018–2020 með almennri umgjörð um framlag miðstöðvarinnar til framkvæmdar samstarfsáætlunar fagsviðsins. Starfsumboðið tiltekur verkefni miðstöðvarinnar sem eru að efla miðlun þekkingar og reynslu milli aðila sem starfa á félagsmálavíði í norrænu löndunum, meðal annars með því að skapa fundarvettvang og starfrækja tengslanet en jafnframt að miðla og kynna þekkingu og bestu starfvenjur varandi úrræði en einnig markhópa.

Verkefnið felst einnig í því að auðvelda samstarf sökum þess hvað Norræna velferðarmiðstöðin hefur góða yfirsýn yfir helstu aðila á heilbrigðis- og félagsmála-



sviði á Norðurlöndum. Norræna velferðarmiðstöðin er inngangur landanna í leit þeirra að nöfnum eða samstarfi við aðila annars staðar á Norðurlöndum.

Norræna velferðarmiðstöðin vinnur um þessar mundir að eftirfarandi fjórum almennu starfssviðum: Velferðarstefnu, fötlunarmálum, lýðheilsu og aðlögunarmálum. Greint er frá starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar á árinu 2017 í ársskýrslu miðstöðvarinnar sem er að finna hér:

<https://nordicwelfare.org/wp-content/uploads/2018/03/%C3%85srapport-2017.pdf>

Norræni velferðarvettvangurinn í desember 2018

Norræna ráðherranefndin heldur ráðstefnuna Norrænn velferðarvettvangur 4. desember 2018 í Stokkhólmi. Á ráðstefnunni verður fjallað um brýn viðfangsefni í velferðarmálum og ræddar leiðir til lausna. Ráðstefnan er haldin í samstarfi við formennskulandið Svíþjóð og Norrænu velferðarmiðstöðina. Upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vefsíðu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar <https://nordicwelfare.org/evenemang/nordiskt-valfardsforum-2018/> um fyrirbyggjandi starf gegn ofbeldi gegn börnum.